



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

## FANGELSISMÁLA- STOFNUN RÍKISINS

LEIGUHÚSNÆÐI  
AÐ BITRU Í FLÓAHREPPI

**SKILAGREIN**

MAÍ 2012



## EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR .....	3
1 UPPHAF VERKEFNIS .....	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN .....	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI .....	3
4 LEIGUSAMNINGUR .....	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI .....	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT .....	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR .....	4
8 VERKLOK .....	5
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR .....	5

---

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: “**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjölun í skilamati**”. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd “**skilagrein**” til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leigu-húsnæði.

## 1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið „Húsnæði undir fangelsi á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins“, leiguhúsnæði, var unnið að beiðni dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins og barst FSR í september 2009.

Hugmyndin var að koma á fót opnu fangelsi fyrir fanga sem höfðu verið til fyrirmyndar í öðrum fangelsum.



Fangelsið að Bitru, austurhlið.

Verkefnið FSR fólst í að finna húsnæði fyrir Fangelsismálastofnun í nálægð við fangelsið að Litla-Hrauni þannig að hægt væri að samnýta þjónustuna við fangelsið að Litla-Hrauni.

Miðað var við að hið nýja húsnæði myndi rúma 16-26 einstaklinga í einstaklings- og/eða tveggja manna herbergjum.

Verkefnisstjóri hjá FSR í verkefninu var Jón Ásbjörnsson.

## 2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Ekki var unnin nein sérstök húsrýmisáætlun en miðað við að húsnæðið þyrfti að rúma 16-26 fanga sbr. hér að framan.

Gerð var húslýsing, sem unnin var af FSR og Ríkiskaupum í sameiningu.

## 3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Ný húslýsing fyrir húsnæðið var tilbúin í september 2009 og í framhaldinu auglýstu Ríkiskaup eftir húsnæði fyrir stofnunina.

Leigutilboð voru opnuð í október 2009 og bárust 13 tilboð.

FSR yfirfór tilboðin og voru 3 húseignir skoðaðar af fulltrúum FSR, dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar.

Í janúar 2010 var tekið leigutilboði frá Árberg ehf. um leigu á húsnæðinu að Bitru í Flóahreppi.



Vesturhlið húss.

#### 4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Árbergs ehf., dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar.

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins. Samningurinn er á milli Árbergs ehf. og Fangelsismálastofnunar ríkisins. Hann var undirritaður í febrúar 2010 og staðfestur af dóms- og mannréttindamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Hann gildir til tveggja ára með möguleika á framlengingu um allt að 1 ár í senn að leigutíma loknum, þó að hámarki í 6 ár.

Stærð hins leigða húsnæðis, sem er öll húseignin að Bitru, er alls 550 fermetrar, en einnig fylgdi með í samningnum 5000 fermetra lóð umhverfis húsið og aðkomuréttur, að hinu leigða, um núverandi heimreið frá þjóðvegi 1.

Í leigusamningi var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði 1. mars 2010.



Setustofa á 2. hæð.

#### 5 TENGILÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Vignir Guðmundsson, f.h. Árbergs ehf. og fyrir hönd leigjanda var tilnefndur Jón Ásbjörnsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Haldnir voru alls 3 fundir á undirbúnings- og framkvæmdatíma verkefnisins þar af 1 verklokafundur.

#### 6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Ekki þurfti að framkvæma miklar breytingar eða endurbætur á húsnæðinu en þó voru nokkrar sértækar aðgerðir sem þurfti að framkvæma en þær helstu voru breytingar á læsingum, setja þurfti upp tvær nýjar hurðir, endurnýja þurfti lítinn hluta af raflögnum og bæta brunavarnir.



Fangelsið að Bitru, norðurhlið.

Gerður var verksamningur, milli dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins og Árbergs ehf. um að Árberg ehf. myndu framkvæma breytingarnar en ráðuneytið greiddi fyrir þær.

Eftirlit með framkvæmdum höfðu Vignir Guðmundsson, fyrir hönd leigusala og fyrir hönd leigjanda annaðist eftirlit Jón Ásbjörnsson, FSR.

#### 7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Framkvæmd breytinga og endurbóta á húsnæðinu, sbr. hér að framan, var á vegum Árbergs ehf.

**8 VERKLOK**

Fangelsismálastofnun tók við húsnæðinu 1. mars 2010.

**9 STAÐFESTING SKILAGREINAR**

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



---

Óskar Valdimarsson, forstjóri